

Skólanámskrá Laugasólar



Virðing - Fjölbreytileiki - Sköpun

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leikskólinn Laugasól	3
Leiðarljós Laugasólar.....	3
Hugmyndafræði og áherslur leikskólans	4
Leikur og nám	4
Námsumhverfi leikskólans.....	4
Hlutverk kennarans	5
Umhverfismennt	5
Grunnþættir menntunar	6
Námssvið leikskólans	7
Læsi og samskipti	7
Heilbrigði og vellíðan	8
Sjálfbærni og vísindi	9
Sköpun og menning	10
Samstarf og samskipti	11
Börnin	11
Foreldrar.....	11
Kennarar.....	12
Samstarf við Laugarnesskóla	12
Samstarf við grenndarsamfélagið.....	12
Sérkennsla	13
Mat á skólastarfi	13
Ytra mat	13
Innra mat	13
Að lokum	13
Heimildaskrá	14

Inngangur

Laugasól er einn af leikskólum Reykjavíkurborgar og starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Leiðarljós skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er:

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og að þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Leikskólinn Laugasól

Leikskólinn Laugasól er við Leirulæk 4-6 og tók til starfa 1. júlí 2011. Leikskólinn er sameining tveggja leikskóla, Laugaborgar og Lækjaborgar. Í leikskólanum eru um 173 börn samtímis og um 45 starfsmenn. Deildir leikskólans eru átta og aldurskiptar þegar því verður við komið. Leikskólinn er í þremur húsum, eldri börnin eru í húsi Laugaborgar og viðbótarhúsi og þau yngri í húsi Lækjaborgar.

Leiðarljós Laugasólar

Virðing – Fjölbreytileiki - Sköpun

Virðing:

Við viljum hafa góð og jákvæð samskipti á jafnréttisgrundvelli þar sem virðing er borin fyrir skoðunum og gildum annarra. Við berum virðingu fyrir umhverfi og náttúru.

Fjölbreytileiki:

Við gefum öllum tækifæri á að þroskast og rækta hæfileika sína á eigin forsendum. Við virðum mannréttindi, margbreytileika mannlífsins og ólíka menningu.

Sköpun:

Leikur með opinn efnivið er okkar meginnámsleið. Með því er börnunum gefið tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunaraflíð og leika sér. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna nýja möguleika og veita nýja sýn á hugmyndir.

Hugmyndafræði og áherslur leikskólans

Í Laugasól er unnið út frá hugmyndafræði John Dewey og Caroline Pratt.

John Dewey (1859-1952) lagði áherslu á að umhverfið væri jákvætt, vingjarnlegt og kennarinn vinsamlegur leiðbeinandi. Dewey benti á að börn læra af reynslu, eigin virkni og áhuga en ekki kennslu. Gefa á barninu tækifæri til að vinna úr reynslu sinni, leika og gera tilraunir með efnivið sem gefur ekki fyrirfram ákveðnar lausnir. Ferlið sjálft sé lærdómsríkara en útkoman. Styðja ætti við áhuga barnsins, forvitni og gagnrýna hugsun.

Caroline Pratt (1867-1954) var bandarískur kennari sem byggði hugmyndafræði sína á framfarastefnu Dewey. Hún taldi að lærdómur væri árangursríkastur þegar börnin sjálf réðu ferðinni í gegnum leik, það er að segja þegar umhverfið var sniðið að þörfum þeirra. Kennarinn átti þó alltaf að vera börnunum til staðar. Hlutverk hans var að leiða þau áfram í þekkingarleit með því að spyrja opinna spurninga og efna til umræðna í barnahópnum. Caroline hannaði svokallaða einingakubba (e. unit blocks) sem eru í stærðfræðilegum hlutföllum og miðast allt kubbasafnið út frá grunnkubbum sem öll hin kubbaformin ganga upp í. Hún hannaði einnig holukubba (e. hollow blocks) sem byggjast upp á sömu hugmyndafræði.

Efniviðurinn sem er að mestu unnið með í Laugasól fellur vel að hugmyndum Pratt og Dewey um nám barna. Hann býður ekki upp á tilbúna lausnir, heldur gefur hann börnunum tækifæri til vinna úr reynslu sinni á skapandi hátt. Á öllum deildum í Laugasól hafa börnin aðgang að einingakubbum og holukubbum.



Leikur og nám

Í Laugasól er aðaláhersla á frjálsan leik, hann er í allri sinni fjölbreytni meginnámsleið barna. Frjáls og sjálfssprottin leikur er eðlilegt tjáningarform barnanna, þau læra að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik fá börnin tækifæri til að tjá tilfinningar

sínar og hugmyndir og öðlast þannig nýjan skilning og nýja þekkingu. Þau þróa með sér félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik kemur upp ýmiskonar ágreiningur sem börnin þurfa að læra að leysa á friðsamlegan hátt. Á þann hátt læra þau hvert af öðru og öðlast nýtt sjónarhorn.



Námsumhverfi leikskólans

Mikilvægt er að skapa gott andrúmsloft fyrir frjálsan leik. Það er m.a. gert með því að gefa honum góðan tíma. Námsumhverfið er

skipulagt út frá aldri þroska og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Við skiptum börnunum í hóp, hluti þeirra er í frjálsum leik úti á meðan hinir eru inni í leik. Þetta er gert til þess að dreifa börnum og kennurum um húsið og garðinn. Þannig fær hvert barn aukið leikrými. Efniviður er opinn, þroskandi og fjölbreytilegur. Unnið er með verðlaust efni og einnig er notað ýmislegt sem finnst í náttúrunni. Lóðir leikskólans eru rúmgóðar og fjölbreytt svæði eru innan lóðanna eins og náttúruleiksvæði sem býður upp á annars konar leiki og klifur. Í næsta nágrenni leikskólans eru áhugaverð útileiksvæði s.s. Laugardalur og Laugarnesfjara. Þar gefst kjörið tækifæri til að skoða náttúru, lífríki og sögu.

Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans í Laugasól er að hvetja og styðja við nám barnsins í leik. Kennarinn er fyrirmynd og leitast við að skapa góðan skólabrag. Hann skipuleggur leiksvæðið á fjölbreyttan hátt og hvetur börnin til að skapa, gera tilraunir og finna lausnir. Mikilvægt er að kennarinn fylgist með og sé vakandi fyrir því sem gerist í leiknum. Kennarinn er til staðar á leiksvæðum, sem leiðbeinandi, þátttakandi eða áhorfandi og skapar þannig öryggi og stuðning. Kennarinn leggur áherslu á að efla börnin í að leysa ágreining sín á milli og með hjálp hans eftir því sem þarf.

Umhverfismennt

Umhverfismennt er einn af aðalþáttum í leikskólastarfinu. Í útináminu er lögð áhersla á að börnin verði læs á umhverfi og náttúru og kynnist fjölbreytileikanum í samfélagi og menningu. Börnin læra að upplifa, skilja og skoða umhverfi sitt, beita gagnrýnni hugsun og spyrja spurninga. Laugasól er skóli á grænni grein og fékk Grænfánann afhentan í fyrsta skipti 2013. Markmið leikskólans í verkefninu er að auka menntun og þekkingu í umhverfismennt og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Unnið er að ákveðnum verkefnum tvö ár í senn.



Grunnþættir menntunar

Skólanámskrá Laugasólar byggir á sex grunnþáttum menntunar sem fléttast inn í allt starf leikskólans. Þeir tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Þeir birtast í starfsháttum, viðhorfum, samskiptum og skólabrag.

Grunnþættirnir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir um grunnþætti menntunar:

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Sjálfbærni

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Heilbrigði og velferð

Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismentunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis Jafnréttismentun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Sköpun

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Námssvið leikskólans

Í Laugasól er unnið með námssviðin samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Námssviðin eru samofin öllum þáttum leikskólastarfsins. Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra og nota ýmsar leiðir til að tjá sig. Þau læra í gegnum leik og samskipti og þróa með sér læsi í víðum skilningi. Auk tungumálsins nota þau t.d. snertingu, hljóð, látbragð og leikræna tjáningu. Þau ræða hugmyndir sínar, skiptast á skoðunum og tjá sig á ólíkan hátt.

Málörvun	Málörvun fer fram í öllum þáttum leikskólastarfsins í Laugasól. Sögulestur og samræður um viðfangsefni og upplifun líðandi stundar. Í bókakrók eru bækur hafðar aðgengilegar svo auðvelt sé fyrir börnin að nálgast þær. Á hverjum degi eru lesnar sögur í samveru/sögustund, styttri sögur og framhaldssögur. Reglulega er farið í bókasafnið. Leikið er með stafi, orð og rím og unnið er með sögur, vísur og texta. Söngstundir eru alla daga í Laugasól.
Ritmálið	Ritmálið er gert sýnilegt með því að merkja leiksvæði, leikefni og flest það sem hefur einhvern tilgang að merkja. Margskonar leikefni er í boði sem hvetur til notkunar á ritmálinu og er haft aðgengilegt, t.d. pappír, ritföng og bækur.
Frjáls leikur	Í frjálsum leik eflist læsi og samskipti. Börnin skiptast á skoðunum, leysa verkefni saman og tjá sig með fjölbreyttum hætti með ólíkum efnivið. Með því að nota opinn efnivið í frjálsum leik gefst börnum tækifæri til að þróa leikinn og hugmyndir sínar.
Umhverfismennt	Í Laugasól er farið reglulega í vettvangsferðir. Í þeim læra börnin að lesa í náttúru og umhverfi út frá veðri og árstíðum. Á vettvangi eru gerðar ýmsar athuganir og spjallað saman um upplifun og reynslu. Að lokinni ferð vinna börnin að ýmsum verkefnum.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í leikskólanum er leitast við að skapa jákvæðan skólabrag þar sem hlúð er að þroska og heilbrigði barnsins. Líðan barnsins hefur áhrif á sjálfsmynd þess og trú á eigin hæfni og getu. Mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Vellíðan

Í Laugasól leggjum við áherslu á að njóta hvers dags og gefa okkur nægan tíma. Hvíld og slökun er mikilvæg fyrir börn og kennara. Í Laugasól sofna yngri börnin en þau eldri hvíla sig í sögustund. Við leggjum okkur fram um að hafa hollt og gott matarræði og ræðum um hollustu við börnin. Við berum umhyggju fyrir öllum börnum og mætum þeim eftir þeirra þörfum og þroska. Börnin læra um mikilvægi hreinlætis og eru hvött til sjálfshjálpar í matartímum, salernisferðum og í fataklefanum.

Frjáls leikur

Daglega fara öll börn í Laugasól í útivist ef veður leyfir. Í garðinum er frjáls leikur og þar gefst börnunum tækifæri til að hreyfa sig, hlaupa og ærslast frjálst og einnig að taka þátt í skipulagðri hreyfingu í formi leikja. Í frjálsum leik í útivistinni efla börnin félagstengsl og eiga jákvæð samskipti hvert við annað.

Reglulega er farið í gönguferðir þar sem börnin fá fjölbreytta hreyfingu. Eftir því sem börnin eru eldri er farið í lengri ferðir sem eykur úthald og þol.



Sjálfbærni og vísindi

Til að læra að lesa náttúru og samfélag þarf fólk að upplifa, skoða og skilja umhverfi sitt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Menntun til sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Stefnt er að því að hún komi fram í öllu starfi leikskólans. Hún birtist til dæmis í efnivið sem notaður er í leik og skapandi starfi, í endurvinnslu og endurnýtingu, innkaupum leikskólans, lýðræðislegum vinnubrögðum, í samræðum og ákvörðunum, fjölmenningarlegum verkefnum og umhverfismennt.



Umhverfismennt

Í Laugasól vinnum við með endurvinnslu og endurnýtingu. Á öllum deildum er flokkaður pappír, plast og matarafgangar. Við nýtum ýmsan verðlausan efnivið í skapandi starfi með börnunum. Við erum með matjurtargarða og rífsberjarunna og nýtum uppskeruna. Við leggjum áherslu á að hafa umhverfi okkar snyrtilegt m.a. með hreinsunardegum að vori þar sem börn og kennarar vinna saman að því að fegra umhverfið.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru farnar einu sinni í viku og eru þær mikilvægur þáttur í starfi Laugasólar. Þær eru skipulagðar eftir aldri barnahópsins. Styttri ferðir fyrir yngri börnin og síðan lengjast þær með aldri og þroska barnanna. Í ferðum læra þau að tilheyra hóp og vinna saman að verkefnum. Börnin kynnast menningu og samfélagi, dýrum, plöntum, veðri og áhrifum árstíða á lífríki og umhverfi. Þau kynnast hringrás náttúrunnar, mikilvægi endurvinnslu, endurnýtingar og náttúruverndar. Lögð er áhersla á að börnin fái margvísleg tækifæri til að skoða, skilgreina og gera tilraunir.

Sköpun og menning

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í skapandi skólastarfi fá börnin tækifæri til að kanna og vinna með fjölbreytt leikefni og aðferðir. Áherslan er á sköpunarferlið sjálft og námið sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndunaraflið fær að njóta sín. Hvatt er til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.

Frjáls leikur	Í Laugasól er aðaláhersla á opið leikefni í frjálsum leik. Við veljum leikefni sem hæfir aldri og þroska og er öruggt fyrir börnin. Við leggjum áherslu á að börnin velji sér viðfangsefni og leitum eftir áhugasviðum þeirra og sjáum þannig til þess að þau fái verkefni við hæfi og finni til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
Leikefni Laugasólar	Meginuppistaða í leikefni leikskólans eru kubbar, t.d. einingakubbar, holukubbar, litlir legókubbar og kapla-kubbar. Viðbótarefni með kubbum eru t.d. tappar, litaðir teningar/kubbar, litir, steinar, pappír og lím. Jafnframt er í boði leir, litir, málning, vatn, sandur, drusluföt, heimilisdót, tæki og tól s.s. myndvarpi og ljósaborð. Þessu til viðbótar er ýmislegt verðlaust efni, s.s. pappakassar, teppabútar, efnisbútar o.fl.
Menning	Í Laugasól er farið í heimsóknir í söfn og ýmsar menningarstofnanir og er það þáttur í að auka víðsýni barnanna og efla áhuga þeirra á menningu og listum. Við fáum til okkar leikhópa og förum á sýningar í stóru leikhúsunum. Laugasól tekur einnig þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar.
Tónlist	Börnin læra fjölbreytt lög, texta, þulur, vísur, romsur og fara í hreyfileiki. Hlustað er á tónlist ætlaða börnum og ýmsa aðra tónlist. Börnin fá að prófa ýmsa hljóðgjafa, hristur, steina og fleira.

Samstarf og samskipti

Börnin

Kennarar í Laugasól bera virðingu fyrir öllum börnunum, sýna þeim umhyggju og mæta hverju barni eins og það er. Við gefum okkur tíma til að hlusta á þau, leiðbeina og vinna með þeirra hugmyndir. Við erum til staðar og hvetjum þau áfram í leik og samræðum.

Foreldrar

Við leggjum áherslu á að samskipti við foreldra einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Við tökum sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin og leitumst við að upplýsa foreldra um barnið og leikskólastarfið og hlustum á viðhorf þeirra og hugmyndir.

Við upphaf leikskólagöngu er kynning á leikskólanum og þeirri hugmyndafræði og starfsaðferðum sem unnið er eftir. Þegar barn byrjar í Laugasól þá eru foreldrar, barn og kennarar að kynnast, við nýtum til þess þátttökuaðlögun. Hún byggir á því að foreldrar eru með barni sínu allan daginn fyrstu dagana í leikskólanum. Við fögnum þátttöku foreldra í leikskólastarfinu og viljum að foreldrar séu sýnilegir í okkar starfi. Foreldrar hafa lagt ýmislegt til, spilað á hljóðfæri, lesið úr bókum og sagt frá ýmsu fróðlegu. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að standa fyrir og skipuleggja skemmtanir í samstarfi við leikskólann.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á skólastarfinu.



Kennarar

Við erum fyrirmyndir og vinnum starf okkar af áhuga og gleði. Við sýnum samkennurum okkar virðingu, tillitsemi og þolinmæði. Við temjum okkur heiðarleg og jákvæð samskipti og berum umhyggju fyrir hvert öðru. Við nýtum mannauðinn, erum opin fyrir góðum hugmyndum og lærum hvert af öðru.

Samstarf við Laugarnesskóla

Markvisst samstarf er á milli Laugarnesskóla og leikskóla í hverfinu. Markmiðið er að auðvelda börnum að flytjast á milli skólastiga.

- Skólastjórnendur og kennarar skólanna í Laugarneshverfi (Laugasól, Hof og Laugarnesskóli) hittast, meta og skipuleggja samstarfið á milli skólastiga fyrir næsta skólaár.
- Tvær heimsóknir eru í leikskólann þar sem nemendur og kennari grunnskólans koma í heimsókn og eru hluta úr degi. Fyrri heimsóknin er á haustönn, þá kemur 5. bekkur í heimsókn og sú seinni er á vorönn, þá kemur 1. bekkur í heimsókn.
- Heimsókn leikskólabarna í bókasafn Laugarnesskóla.
- Eftir áramót, hitta leikskólabörn skólastjórnendur í Laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann.
- Elstu börn leikskólans fara seinni hluta vetrar í litlum hópum í Laugarnesskóla. Þau hafa nesti meðferðis og taka þátt í hefðbundnu skólastarfi fyrir hádegi.
- Í maí taka leikskólabörn þátt í útivistardögum í Laugarnesskóla.
- Foreldrar og börn heimsækja Laugarnesskóla í maí.

Samstarf við grenndarsamfélagið

- Samstarfsverkefni Laugasólar og Laugalækjarskóla. Markmið verkefnisins er að bæta skilning, þátttöku og virkni nemenda við nærumhverfið með samfélagslegri nálgun. Skólaárinu er skipt í þrjár annir þar sem nemendur í Laugalækjarskóla geta valið um sjálfböðavinnu í Laugasól, sjálfböðavinnu á Hrafnistu eða aðstoðarkennslu í 7. og 8. bekk. Verkefnið er valfag í 9. og 10. bekk og koma þrír til fjórir nemendur einu sinni í viku í 60-80 mínútur í senn og vinna með leikskólabörnum.
- Samvinna við Tónlistarskóla Sigursveins, sem felst meðal annars í heimsóknum elstu barna í tónlistarskólann og nemendum úr tónlistarskólanum sem koma í heimsókn í leikskólann. Árlegt samstarfsverkefni skólanna er í kringum Barnamenningarhátíð.
- Elstu börnin heimsækja aldraða í Hjúkrunarheimilinu Skjóli, kórinn syngur nokkur lög, spjalla við vistmenn og fá hressingu.
- Fjögurra ára börnin heimsækja vistmenn í Þjónustumiðstöð aldraða við Dalbraut, syngja fyrir þá, syngja með þeim, spjalla, skreyta piparkökur og margt fleira.
- Skipulagðar heimsóknir eru í Borgarbókasafnið í Sólheimum yfir skólaárið, börnin kynnast bókasafninu í gegnum lestur og leik.

Sérkennsla

Börn geta fengið sérstakan stuðning eða sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur gegn mati viðurkenndra greiningaraðila.

Meginmarkmiðið er að tryggja jafnræði allra barna í öllu leikskólastarfi. Við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis starfa sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar, talmennafræðingar, hegðunarráðgjafar og félagsráðgjafar. Kennarar og foreldrar geta nýtt sér þessa þjónustu ef á þarf að halda.

Sérkennsluráðgjafi kemur reglulega í Laugasól, með ráðleggingar fyrir kennara og foreldra. Þeir sinna einnig eftirfylgd með þeim börnum sem á þurfa að halda.

Í Laugasól er starfandi sérkennslustjóri sem heldur utan um sérkennslu. Nokkur stöðugildi eru í leikskólanum sem sinna einstaklingsþjálfun, sérstakri málörvun o.fl sem við á í hverju tilviki.



Mat á skólastarfi

Ytra mat

Skóla- og frístundasvið lætur gera viðhorfsskönnun sem send er til allra kennara í Laugasól annað hvert ár. Tilgangur könnunarinnar er að fá fram viðhorf kennara til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Könnunin er í formi spurningalista og er rafræn. Skóla- og frístundasvið sendir einnig út viðhorfsskönnun til allra foreldra annað hvert ár. Markmið könnunarinnar er að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, dagleg viðfangsefni, áherslur, skipulag og upplýsingaflæði.

Innra mat

Mat á skólastarfinu fer fram með kennurum á starfsdögum, deildafundum og í starfsviðtölum. Það er gert í samræðu og með spurningalistum. Foreldrar taka þátt í mati leikskólans í foreldraviðtölum og í samræðu við kennara skólans. Börnin eru einnig þátttakendur í innra mati. Það gera þau í samræðu við kennara í samverustundum, við matarborð o.fl.

Í starfsáætlun Laugasólar sem kemur út 1. júní ár hvert má sjá hvaða þættir voru metnir sérstaklega á skólaárinu.

Að lokum

Við erum ákaflega stolt af leikskólanum okkar og vinnum markvisst í því að gera góðan leikskóla enn betri. Það gerum við með því að hafa gleðina og leikinn alltaf í fyrirrúmi. Foreldrar þekkja börnin sín best og því köllum við eftir góðu samstarfi og samvinnu.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Jafnréttisáætlun Laugasólar (2015). Vefslóð:

http://laugasol.is/images/stories/starfsaetlun/jafnrettisaaetlun_2015.pdf

Læsisstefna Laugasólar (2014). Vefslóð:

<http://laugasol.is/images/stories/starfsaetlun/laesisstefna.pdf>

Ritröð um grunnþætti menntunar. (2012). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.